

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá



I. bekkjarnámskrá

skólanámskrá Hvaleyrarskóla

II. og III. hluti

Skólaárið 2023-2024

Skólanámskrá Hvaleyrarskóla

Útgefin 2023

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður
Ábyrgð: Kristinn Guðlaugsson skólastjóri

Útgefandi: Hvaleyrarskóli
Akurholti I
220 Hafnarfjörður

netfang: hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is
veffang: <http://www.hvaleyrarskoli.is>



Efnisyfirlit

II. Skólastarf í I. bekkjar.....	4
II.1. Samantekt kennslu í I. bekk.....	5
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í I. bekk.....	6
II.3. Kennsluáætlunir og kennslugögn í I. bekk	7
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.....	8
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi	8
III. Námsvið og námsgreinar.....	9
1. Lykilhæfni.....	9
2. Íslenska.....	11
2.1. Talað mál, hlustun og áhorf	12
2.2. Lestur og bókmenntir	13
2.3. Ritun	14
3. List- og verkgreinar.....	15
3.1. Sviðslistir – dans og leiklist.....	17
3.2. Sjónlistir - myndmennt.....	18
3.3. Tónmennt.....	19
3.4. Heimilisfræði.....	20
3.5. Textílmennt	21
4. Náttúrugreinar	22
5. Samfélagsgreinar	24
5.1. Samfélagsfræði og lífsleikni	25
5.2. Jafnrétti og lífsleikni.....	25
6. Skólaíþróttir.....	27
6.1. Íþróttir	29
6.2. Sund.....	31
7. Stærðfræði	33
8. Upplýsinga- og tæknimennt.....	35
8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði	35
8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni.....	36

II. Skólastarf I. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árgangnum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna á grundvelli uppeldisréttar síns. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árgangnum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árgangnum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs



II. I. Samantekt kennslu í I. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafföldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	7,0 1,0 3,0 2,0 1,0
2. Erlend tungumál	2.1. Enska	0,0
3. List- og verkgreinar	<i>A Listgreinar:</i> 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt <i>B Verkgreinar:</i> 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	3,0 1,0 1,0 1,0 3,0 1,0 1,0 1,0
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði	3,0
5. Samfélagsgreinar	5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 5.2. Jafnrétti og lífsleikni 5.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	4,0 1,0 1,0 2,0
6. Skólaíþróttir	6.1. Íþróttir 6.2. Sund	3,0 2,0 1,0
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði	6,0
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	2,0 1,0 1,0
Alls		30



II.2. Áherslur grunnpátta menntunar í I. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnpátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnpátta menntunar eru settar fram í markmiðum

Grunnpættir	Efnispættir
LÆSI	<ul style="list-style-type: none"> að kenna nemendum að vera læsir á umhverfi sitt að nemendur geti tjáð sig og verið færir í samskiptum að nemendur nái að tileinka sér listir, tækni o.fl. sem lagt er til grundvallar varðandi grunnpætti menntunar (sjá 2. kafli í aðalnámskrá bls. 48) að nemendur geti tileinkað sér það nám sem lagt er til grundvallar og nýtt það til sjálfstæðra vinnubragða
SJÁLFBÆRNI	<p>Í árgangnum verður lögð áhersla á SJÁLFBÆRNI út frá eftirfarandi efnispáttum:</p> <ul style="list-style-type: none"> að nemendur læri að ganga vel um og virða umhverfi sitt
MANNRÉTTINDI OG LÝÐRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> að læra að setja sig í spor annarra, samkennd, samúð, samlíðan, samábyrgð að vinna markvisst að lýðræðislegri kennslu í skólastarfi s.s. hópvinnu, bekkjarfundum, þátttökunámi og samfélagsverkefnum að geta skilið heiminn í kringum sig, verið meðvituð um eigin stöðu og annarra og viðurkenningu á hæfileikum og þroskamöguleikum bera virðingu fyrir lífinu.
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	<ul style="list-style-type: none"> að vinna út frá hugmyndafræði heilsueflandi grunnskóla að hvetja og fræða nemendur um hollt og gott nesti að hvetja og ræða mikilvægi nægs svefns að vera þátttakandi í heilsueflandi verkefni, t.d. lífshlaupið, göngum í skólann, Hafnarfjörður á iði, fjölgreindaleikar og fleira að vinna út frá geðorðunum 10
JAFNRÉTTI	<ul style="list-style-type: none"> að nemendur temji sér gagnrýna hugsun að hvetja nemendur óháð kyni til þátttöku í öllu skólastarfi að allir geti eitthvað en enginn getur allt að ræða opinskátt um Ísland sem fjölmenningsamfélag
SKÖPUN	<ul style="list-style-type: none"> að stuðla að frumkvæði einstaklingsins að stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður að nemendur uppgötvi, njóti, örvi forvitni og áhuga, virki ímyndunarafli og leiki sér með möguleika að nota leik sem námsaðferð og opna víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna fái að njóta sín að efla sjálfstæði nemenda að auka meiri samþættingu milli námsgreina

II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í I. bekk

i. Kennsluaðstæður

Heimastofa fyrir hvern bekk, í sérkennslustofum og á svæðum við heimastofur.

ii. Kennsluáætlanir

Skýra frá hvernig skóli/kennari leggur fram áætlanir um viðfangsefni í kennslu eftir tímabilum, heimanám og mat á námi og kennslu í árganginum.

iii. Náms- og kennslugögn

Skólinn/Hafnarfjarðarbær útvegar nemendum öll námsgögn s.s. skriffæri, stílabækur og annað fá nemendur í skólanum sér að kostnaðarlausu.

Í íþróttum eiga nemendur að vera í íþróttafötum. Þeir mega hvort heldur sem er vera berfættir eða í tátíljum/stjörnusokkum en ekki er æskilegt að vera í íþróttaskóm. Í sundi er óskað eftir því að stúlkur séu í sundbol en ekki bikiní og að drengir séu í sundskýlu en ekki íþróttastuttbuxum. Sundgleraugu eru nauðsynleg.



II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Kynningarfundir

Haldin eru skólafærinámsskeið fyrir foreldra verðandi I. bekkinga í Hvaleyrarskóla. Þá er foreldrum kynnt stefna skólans og helstu áherslur og skólahúsnæði skoðað. Einnig fer fram kynning á námsefni og kennsluháttum. Oft eru einnig haldin fræðsluerindi.

Foreldrafélag – bekkjarfulltrúar

Í skólanum er starfandi foreldrafélag. Skipurit og upplýsingar um starfsemi má finna á heimasíðu skólans. Umsjónarkennarar hafa milligöngu um að foreldrar tveggja barna bjóði sig fram eða séu kosnir ár hvert sem bekkjarfulltrúar í umsjónarbekk þeirra. Starf bekkjarfulltrúa er í aðalatriðum það að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan bekkjarins en einnig að vera tengiliður umsjónarkennarans við foreldra. (Sjá nánar í erindisbréfi bekkjarfulltrúa undir liðnum foreldrafélag á heimasíðu skólans).

II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í tvennt, leiðsagnarmat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum).

Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. A.m.k. tvisvar á ári er farið yfir stöðu nemenda á fundi með nemenda foreldra og umsjónarkennara.

b. Lokamat:

Lokamat hefur þann megintilgang að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námstíma skólaárs. Matsaðferðir við lokamat ákvarðast af markmiðunum en matið er oftast byggt á skriflegum prófum eða fjölbreyttum lokaverkefnum nemenda. Með lokamati er lögð áhersla á að meta þekkingu og skilning nemenda á námsefninu, hvernig þeim tekst að beita þekkingu sinni og hvernig þeir greina og nota mismunandi aðferðir við ákveðin viðfangsefni. Lokamat sýnir hversu vel nemendum gengur miðað við hæfniviðmið/námsmarkmið árgangsins.



III. Námsvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólafarsins í átta skilgreind námsvið og eitt opið (val) en hverju námsviði heyrja mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námsvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námsviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólafarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggis og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

I. Lykilhæfni

Lykilþáttur	I. bekkur
	<i>Við lok skólaárs getur nemandi:</i>
TJÁNING OG MIÐLUN	<ul style="list-style-type: none"> talað fyrir framan hóp hlustað á aðra í hóp án þess að grípa fram í tjáð sig um viðfangsefni sem eru í umræðunni sagt frá hugsunum sínum og skoðunum
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<ul style="list-style-type: none"> unnið verkefni eftir munnlegum fyrirmælum metið eigin verk út frá fyrirfram gefnum þáttum gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og í lagi að gera mistök gert sér grein fyrir hvað eru staðreyndir skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	<ul style="list-style-type: none"> unnið eftir einföldum fyrirmælum í máli og myndum gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir unnið með öðrum í litlum hópum tekið að sér ákveðið hlutverk með leiðsögn kennara hlustað á leiðsögn kennara
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	<ul style="list-style-type: none"> leitað sér upplýsinga munnlega í sínu nánasta umhverfi gert sér grein fyrir ólíkum miðlum til upplýsingaöflunar þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	<ul style="list-style-type: none"> skilið hvað felst í að meta eigin frammistöðu skilið hvað námsmarkmið eru stuðst við einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám



Matsviðmið lykilhæfni

Lykilþáttur	A	B	C	D
TJÁNING OG MIÐLUN	Tjáð sig á öruggan hátt fyrir framan hóp um viðfangsefni sem eru í umræðunni og hlustað á aðra. Sagt frá hugsunum sínum og skoðunum af öryggi .	Tjáð sig vel fyrir framan hóp um viðfangsefni sem eru í umræðunni og hlustað á aðra. Sagt frá hugsunum sínum og skoðunum.	Tjáð sig nokkuð vel fyrir framan aðra um viðfangsefni sem eru í umræðunni og hlustað stundum á aðra. Sagt að einhverju marki frá hugsunum sínum og skoðunum og hlustað á aðra.	
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	Unnið mjög vel eftir munnlegum fyrirætlum og metið af öryggi eigin verk út frá ákveðnum þáttum. Gert sér mjög vel grein fyrir að til eru fleiri en ein lausn á verkefnum og verið óhræddur við að gera mistök. Gert sér mjög vel grein fyrir hvað eru staðreyndir og skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum.	Unnið vel eftir munnlegum fyrirætlum og metið eigin verk út frá ákveðnum þáttum. Gert sér vel grein fyrir því að til eru fleiri en ein lausn á verkefnum og verið óhrædd við að gera mistök. Gert sér vel grein fyrir hvað eru staðreyndir og skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum.	Unnið nokkuð vel eftir munnlegum fyrirætlum og metið eigin verk út frá ákveðnum þáttum. Áttað sig stundum á að til eru fleiri en ein lausn á verkefnum. Gert sér að einhverju leyti grein fyrir hvað eru staðreyndir og stundum skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum.	
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Unnið mjög vel eftir fyrirætlum í máli og myndum. Gert sér mjög vel grein hvað hugtakið styrkleiki merki, unnið vel með öðrum í litlum hópum og hlustað mjög vel á leiðsögn kennara.	Unnið vel eftir fyrirætlum í máli og myndum. Gert sér vel grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir, unnið með öðrum í litlum hópum og hlustað vel á leiðsögn kennara.	Unnið stundum vel eftir fyrirætlum í máli og myndum. Gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir að einhverju marki , stundum unnið með öðrum og hlustað nokkuð vel á leiðsögn kennara.	
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Leitað sér upplýsinga af öryggi í nánasta umhverfi. Nýtt mjög vel mismunandi upplýsingamiðla og þekkt mjög vel nokkrar einfaldar reglur um netnotkun.	Leitað sér upplýsinga í nánasta umhverfi. Nýtt vel mismunandi upplýsingamiðla og þekkt vel nokkrar einfaldar reglur um netnotkun.	Leitað sér stundum upplýsinga í nánasta umhverfi. Nýtt mismunandi upplýsingamiðla og þekkt að einhverju marki nokkrar einfaldar reglur um netnotkun.	
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	Tekið mikla ábyrgð á að meta eigin frammistöðu og skilið mjög vel námsmarkmið sín. Notað einfaldar aðferðir til að skipuleggja vel eigið nám.	Tekið ábyrgð á að meta eigin frammistöðu og skilið vel námsmarkmið sín. Notað einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám.	Tekið nokkra ábyrgð á að meta eigin frammistöðu og skilið námsmarkmið sín að einhverju leyti . Notað stundum einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám.	



2. Íslenska

Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í íslensku í lok námstíma.

a. Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í íslensku <i>Við lok árgangs geti nemandi:</i>
<i>Talað mál, hlustun og áhorf:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • talað hátt og skýrt • tjáð sig frammi fyrir hópi • staðið rétt í púlti • sagt frá eigin upplifun • hlustað á aðra • sýnt kurteisi og tekið tillit til annarra
<i>Lestur og bókmenntir:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • þekkt hugtökin bókarkápa og höfundur • lesið léttan texta upphátt og í hljóði • skilið inntak stuttra setninga
<i>Ritun:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • dregið rétt til stafs • þekkt rétta skrifarátt • skrifað rétt á línu • þekkt hugtökin upphaf, meginmál og endi • þekkt einfalt hugtakakort
<i>Málfræði:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • þekkt alla íslensku stafina og hljóð þeirra • þekkt nokkrar algengar orðmyndir • greint orð í bókstafi og hljóð • þekkt hugtakið stafróf • leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki • þekkt sérhljóða og samhljóða



2.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum. Tímafjöldi: 1 tími á viku. Auk þess er íslenska samþætt við samfélags- og náttúrufræði.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- markviss málörvun og framkoma í ræðupúlti
- umræður í hópi
- áhorf og hlustun
- framkoma á sviði
- tjáning um ákveðið efni
- Samverur á sal

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- ræðupúlt
- innihaldsríkir textar fyrir börn, t.d. leikrit, söngvar, ljóð og sögur
- spil, þrautir og ýmsir námsvefir
- SMT reglur

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er samkvæmt samvirku kennsluáðferðinni „Byrjendalæsi“ þar sem tal, hlustun, lestur og ritun eru samþætt í eina heild. Nemendur æfa framsögn um ákveðið efni með umræðum í hópi, í þörum og fyrir framan hópinn. Einu sinni á skólaárinu æfa þeir framkomu á sviði, fyrir samverur á sal, þar sem foreldrum og öðrum nemendum yngri deildar er boðið
- Þeir æfa hlustun með því að hlusta á aðra nemendur og bíða þar til röðin kemur að þeim, með hlustun á upplestri kennara og samnemenda og/eda hljóðupptökum. Einnig læra nemendur að vera áhorfendur í samverum á sal

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Tekið er tillit til þess að nemendur ná tökum á námsefninu á mismunandi hraða. Þeir sem t.d. treysta sér ekki til að tala í púlti, standa hjá kennara og hann aðstoðar
- Þeir nemendur sem treysta sér til fá meira krefjandi hlutverk í samveru bekkjarins s.s. upplestur, kynning eða leikhlutverk. Aðrir taka þátt í hópatriðum þar til hugrekki vex

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi: Allir nemendur taka próf í markvissri málörvun að vori þar sem prófdómari metur í ræðupúlti, hvort nemendur tala hátt og skýrt og hafa rétta líkamsstöðu í púltinu. Umsögn umsjónarkennara er gefin um annaskil þar sem þátttaka, virkni og framfarir eru metnar. Sama mat fer fram fyrir alla en umsögn er persónuleg og miðast við framfarir hvers og eins.

- Leiðsagnarmat / lokamat
-



2.2. Lestur og bókmenntir

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum. Tímafjöldi: 3 tímar á viku. Auk þess er íslenska samþætt við samfélags- og náttúrufræði.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Íslenskir bókstafir og hljóð þeirra
- Tengingar
- Orðaforði
- Lestur
- Uppbygging mismunandi texta; saga, ævintýri, fróðleikstexti, ljóð, uppskrift, leikrit o.s.frv.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Innihaldsríkir textar fyrir börn/barnabókmenntir
- Ýmsar fræðibækur, uppflettirit, vefir, sögubækur, ljóð og annað efni tengt viðfangsefnum hverju sinni

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er samkvæmt samvirku aðferðinni Byrjendalæsi þar sem áhersla er lögð á samhengi milli hlustunar, tals, ritunar og lesturs. Unnið er út frá ákveðinni bók sem öll verkefni eru tengd við þá vikuna. Verkefnin skiptast í þrjár lotur. Í upphafi er unnið með söguþráð, lestur og orðaforða, því næst fer fram innlagn á stöfum og hljóðum. Í öðrum hluta eru unnin sundurgreinandi verkefni þar sem komið er til móts við mismunandi stöðu nemenda með misþungum verkefnum og í þriðja hluta er efni sögunnar tengt við reynsluheim barnsins sjálfs og það vinnur verkefni sem útvikkar efni bókarinnar. Áhersla er lögð á að hafa fjölbreytt lesefni aðgengilegt í skólastofunni sem tengist því efni sem unnið er með hverju sinni
- Lestrarþjálfun fer fram með margvíslegum hætti í skólanum; í þörum, yfir hópinn eða einstaklingslega auk þess sem nemendur lesa heima fyrir foreldra daglega

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Mismiklar kröfur eru gerðar til nemenda um sjálfstæði; sumir lesa sjálfir, aðrir með aðstoð kennara eða í hópnum. Nemendum er ráðað í hópa þannig að þeir geti aðstoðað hver annan t.d. í námsspilum og við lestrarverkefni. Mikil áhersla er á samvinnu og samhjálp

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við skimunina „Leið til læsis“ til að meta stöðu nemenda. Brugðist er við með snemmtækri íhlutun t.d. með aukinni þjálfun hljóðkerfisvitundar og endurtekinni stafainnlögn.

Nemendur fá misþungt lestrarefni eftir stöðu.

Í sundurgreinandi hluta vinnunnar fá nemendur misþung verkefni eftir getu og út frá þeim þáttum sem frekast þarfnast þjálfunar.

Lesfimiþróf frá MMS lagt fyrir 3 sinnum yfir veturinn með viðeigandi úrræði fyrir hvern og einn.

- Leiðsagnarmat



2.3. Ritun

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 tímar á viku. Auk þess er íslenska samþætt við samfélags- og náttúrufræði.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- íslensku bókstafirnir
- stafdrættir
- ritun stuttra setninga
- uppbygging sögu
- ólíkar textagerðir s.s. ævintýri, fróðleikstexti, uppskrift, fyrirmæli og ljóð

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- fjölbreyttir textar
- forskrift

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Réttir stafdrættir eru kenndir á töflu og fylgt eftir með skriflegum æfingum. Nemendur æfa stafdrætti með margvíslegum hætti; spora ofan í stafi, móta stafina í leir, þensla með vatni, raða saman fastmótuðum stafhlutum o.s.frv.
- Ritun er í upphafi einföld, nemendur semja stuttar setningar við eigin teikningar og kennari skrifar, smátt og smátt felur kennarinn nemandanum meiri og meiri ábyrgð á skrifarferlinu, þar til hann getur skrifað á eigin spýtur
- Hugtakakort eru kynnt nemendum með stigskiptum stuðningi og þeim smátt og smátt kennt að setja fram sín eigin hugtakakort og nýta þau til ritunar á samfelldum texta

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Mismunandi kröfur eru gerðar til nemenda um ritun eftir stöðu þeirra
 - Stig 1 kennari skrifar og nemandi sporar ofan í stafi
 - Stig 2 nemandi skrifar eftir fyrirmynd orð og setningar
 - Stig 3 nemandi skrifar á eigin spýtur og fær hjálp með þau orð sem hann ræður ekki við
 - Stig 4 nemandi skrifar sjálfstætt og fær endurgjöf frá kennara

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Námsmat fer fram með gátlistum þar sem ákveðin atriði eru metin til skriflegrar umsagnar. Eftirfarandi atriði eru metin:

- rétt grip
- dregið rétt til stafs
- skrifað rétt á línu
- gerður greinarmunur á há- og lágstöfum
- snyrtileg vinnubrögð
- Leiðsagnarmat



3. List- og verkgreinar

Námshæfni – viðmið og mat

Mat á námshæfni felur í sér að meta árangur nemenda í list- og verkgreinum í lok námstíma.

a. Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir: Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum	
<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i>	
<i>Meningarlæsi: (sameiginleg hæfniviðmið fyrir verk- og listgreinar)</i>	<ul style="list-style-type: none"> • unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar • hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum • unnið einföld verkefni í hópi • útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið • gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans • fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín • tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt • gengið frá eftir vinnu sína • lagt mat á eigin verk
<i>Sviðslistir:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • boðið upp í dans • tekið þátt í hreyfileikjum • þekkt fram og aftur skref • gert hliðar saman hliðar • þekkt mun á hæl og ták • þekkt einföld hreyfimyndur s.s. hring, röð og línu • tjáð sig í hreyfingu við tónlist • virt samskiptareglur og farið eftir fyrirmælum • dansað léttan tískudans • dansað grunnspor í samba • dansað hægri kassa í enskum vals
<i>Leiklist:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi • sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi • notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína
<i>Myndmennt:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • ráðið nokkuð vel við litablöndun grunnlita • þekkt grunnformin • unnið einföld form í leir • klippt út einföld form og eftir línu • farið vel með og gengið frá áhöldum og efnum • unnið verkefni með öðrum • tjáð einfaldar hugmyndir og tilfinningar myndrænt
<i>Tónmennt:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • notað söngroddina. Sungið lög og þulur • leikið á skólahljóðfæri í takt og spilað einfaldar laglínur • þekkt nöfn skólahljóðfæranna • haldið takti í hóp • þekkt mun á veiku og sterku hljómfalli • hlustað á tónlist og sýnt viðbrögð. Túlkað tónlist með hreyfingu og teikningu



Efnispættir: Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Við lok árgangs geti nemandi:

- kynnt sig í hljóðnema fyrir framan bekkinn sinn
- spunnit á hjóðfærin
- slakað á og andað rólega á dýnu á meðan hlustað er á tónlist. Látið ekkert annað trufla sig

Heimilisfræði:

- kynnst því að til eru bæði hollar og óhollar fæðutegundir
- kynnst einföldum eldhúsahöldum
- gert sér grein fyrir að hnifar og önnur eggjárn geta verið hættuleg
- bragðað matvælin sem notuð eru og lært hvað þau heita
- þvegið sér rétt um hendur
- fengið fyrstu kynni af því hvernig bæta má umhverfið
- skoðað í hvaða heimilisstörfum þeir eru færir um að taka þátt í
- farið eftir fyrirmælum
- sýnt áhuga og vinnusemi

Textílmennt:

- klippt út einföld form
- saumað þræðispor í gróft efni
- unnið einfaldan vef
- þrætt grófa nál
- búið til dúsk
- sagt hvaðan ullin kemur og unnið með ullina á einfaldan hátt
- flokkað bómullarefni og flísefni
- hnýtt hnút með tveimur böndum



A. Listgreinar:

3.1. Sviðslistir – dans og leiklist

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Chasse
- Vínarvals
- Skósmiðadans m/chasse
- Fingrapólki m/chasse
- Systkinadans m/vínarvals
- Samba P
- Enskur vals í hægri fót
- Jóladans / eða í skóginum
- Ýmsir leik-tjáningardansar, tiskudans í vali hvers kennara

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Tónlist, veraldarvefurinn og ýmsar bækur tengdar danslistinni

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram í skóla á eftirfarandi hátt:

- Í kennslustofu án húsgagna þar sem einungis eru hljómflytningstæki, borð, tölva, myndvarpi og tafla.
- Sýnikennsla
- Sköpun
- Paravinna
- Einstaklingsvinna
- Hópavinna
- Samræður (í leiklist)
- Tjáning og hlustun þjálfuð

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Allir nemendur sem hafa getu til að stunda námið
- Í einstaka tilfellum eru nemendur með stuðning með sér
- Önnur námsúrræði eru fyrir þá sem t.d. þola illa hávaða og eiga að einhverjum öðrum orsökum erfitt með að stunda námið

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni.

- Leiðsagnarmat þar sem metin er virkni, leikni, samvinna, kurteisi og framkoma
- Lokamat



3.2. Sjónlistir - myndmennt

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi : 4 kennslustundir á viku í u.þ.b. 12 vikur.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Mappa. Myndskreytt og merkt
- Litablöndun-grunnlitir
- Málun á trönum
- Litablöndun – grunnlitir
- Grunnformin
- Leirmótun – form
- Leirmótun – fiskur
- Paul Klee
 - Heimur forma (klippiverk)
 - Kötturinn
 - Fiskurinn (vatnsmálun)
 - Andlit forma
 - Sjálfmynd
 - Elta línu til enda
 - Myndbygging
 - Skrýtnar verur
 - Annað: landslag, fólk

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Dreaming Pictures – Paul Klee
- PowerPoint sýning um Paul Klee
- Netíð – Paul Klee
- Myndmennt I
- Listavefur Námsgagnastofnunar
- Ýmsar erlendar og íslenskar bækur um myndlist
- Ýmsar erlendar og íslenskar heimasíður um myndlist

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

- Innlögn verkefnisins er í byrjun tímans. Nemendur skoða ýmsa möguleika á útfærslu, oftast unnið í einstaklingsverkefnum
- Sýnikennsla þegar það á við

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- *Leiðsagnarmat*
- *Lokamat*



3.3. Tónmennt

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Þekking hljóðfæri
- Taktæfingar, sönglög. Ýmsir tjáningarleikir, hlustun – mismunandi tónlistarstílar

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Trommur, hristur, sílafónar
- Söngtextar og sérvalið efni valið af kennara
- Hlustunarverkefni unnin af kennara, litir, blýantar

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í kennslustofu með góðu rými. Fullt af slagverkshljóðfærum
- Sýnikennsla, hópavinna, mikil sköpun og einstaklingsvinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Allir gera sitt besta. Taka þátt eins og hægt er
- Þeir sem þurfa eru með stuðning með sér
- Þeir sem illa þola hávaða fá önnur úrræði

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

b. Námshefni:

- Leiðsagnarmat
- Lokamat



B. Verkgreinar:

3.4. Heimilisfræði

Tímafjöldi : 4 kennslustundir á viku í u.þ.b. 7 vikur.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Meðhöndlun grænmetis og ávaxta
- Að nemandi geri sér grein fyrir hvað er hollt og hvað óhollt
- Notkun potta, helstu slyshættur
- Góðir borðsiðir og tillitssemi
- Umræður og bókleg verkefni unnin í vinnubók þar sem farið er í mikilvægi góðra lífsvenja
- Að nemandi átti sig á mikilvægi hreinlætis á öllum sviðum
- Mælieiningar kynntar s.s. dl., l, tsk., msk
- Að nemandi kynnist hugtakinu umhverfisvernd/endurvinnsla

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Fæðuhringurinn, veggspjald
- Vinnubók, Gott og gaman
- Grænmeti, ávextir, kornvörur, bakstursvörur, egg, mjólk
- Mælitæki, dl. mál, mæliskeiðar, vogir, form og hnifar. Eldhúsáhöld við borðhald

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima fram á eftirfarandi hátt:

- Útskýringar á uppskriftum sem notaðar eru
- Sýnikennsla í meðferð hráefna
- Helstu slyshættur í eldhúsi. Hvað ber að varast
- Nemendur vinna ýmis verkefni

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Stefnt að því að nemendur vinni sömu verkefni og þar er samvinna og tillitssemi stór þáttur
- Nemendur fá útskýringar, sýnikennslu og leiðsögn frá kennara í byrjun verks og meðan á verkinu stendur
- Nemendur fá leiðbeiningar sem henta, þannig að þeir geti unnið út frá hæfni og getu

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

